

Alþýðusamband Íslands
b/t Miðstjórnar ASÍ
Guðrúnartún 1
105 Reykjavík


6. september 2022

Efni: Tillaga til 45. þings ASÍ

Eitt af stærstu og mikilvægustu verkefnum í komandi kjaraviðræðum er að finna leiðir til að tryggja kaupgetu félagsmanna aðildarfélaga ASÍ. Til þess að svo geti orðið er það okkar, sem leiðum komandi kjaraviðræður, að svara ákalli félagsmanna um bætt lífskjör þannig að sem mest fáið fyrir þær krónur sem að lokum verður samið um. Einn af stóru útgjaldaliðum félagsmanna eru lögbundnar skyldurtryggingar, heimilis- og ökutækjatrýggingar ásamt öðrum valkvæðum tryggingum.

Sökum fákeppni á íslenskum tryggingamarkaði hafa tryggingar hækkað langt umfram laun á undanförunum árum. Í krafti fákeppni hafa tryggingarfélagin einnig fellt niður eða lækkað ýmis vildarkjör til tryggingataka. Þegar þannig háttar er brýnt að ASÍ sem stærstu samtök launafólks á Íslandi hlutist til um að ná fram umtalsverðum lækkunum á tryggingaiðgjöldum til félagsmanna aðildarfélaga ASÍ.

Í ljósi þessa leggja undirritaðir þingfulltrúar fram þá tillögu við 45. þing ASÍ að ASÍ hafi frumkvæði að því að gerður verði allsherjasamningur við íslensku tryggingafélagin um hagkvæmar heimilis- og ökutækjatrýggingar fyrir félagsmenn innan ASÍ og að tillögunni verði vísað til viðeigandi nefndar þingsins til afgreiðslu.



Finnboði Sveinbjörnsson
Bergvin Eyþórsson
Verkalýðsfélag Vestfirðinga


Vignir Smári Maríasson
Verkalýðsfélag Snæfellinga


Þórarinn Guðni Sverrisson
Aldan, stéttarfélag


Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Báran, stéttarfélag


Hrund Karlsdóttir
Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungavíkur


Guðný Óskarsdóttir
Drífandi, stéttarfélag


Magnús Sigfús Magnússon
Verkalýðs og sjómannafélag Sandgerðis


Guðrún Elín Pálsdóttir
Verkalýðsfélag Suðurlands